

Gamla konan

Ég var einn á ferð á opnu engi.

Allt í einu fannst mér ég heyra létt, varfærnisleg skref fyrir aftan mig ... Einhver gekk á eftir mér.

Ég leit við og sá lágvaxna, gamla, hokna konu, sem vafin var í gráa tötra. Ekkert sást nema gulleitt, hrukkótt andlit hennar og hún var tannlaus með oddhvasst nef.

Ég gekk til hennar. Hún nam staðar.

- Hver ert þú? Hvað viltu? Ertu förukona? Ertu að biðja um ölmusu?

Gamla konan svaraði ekki. Ég laut yfir hana og sá að bæði augu hennar voru hulin hálfgegnsærri, hvítleitri sliktju, eða himnu, líkt og hjá sumum fuglum til að verja augun fyrir of skærri birtu.

En himnan bifaðist ekki í augum gömlu konunnar og sjáöldur hennar voru hulin ... og ég dró því þá ályktun að hún væri blind.

- Ertu að biðja um ölmusu? spurði ég aftur. Hvers vegna ertu að elta mig? Sem fyrr, svaraði gamla konan ekki, heldur hnipraði sig örlítið saman.

Ég sneri mér frá henni og fór mína leið.

Svo heyrði ég aftur þessi léttu, taktföstu, laumulegu skref.

„Aftur þessi konal hugsaði ég með mér. Hvers vegna hangir hún svona í mér? – En sagði svo við sjálfan mig: Hún hefur líklega villst af leið vegna þess að hún er blind, og fylgir nú hljóði skrefa minna til að verða mér samferða til byggða. Já, auðvitað er það þannig.“

Undarlegur óróleiki náði þó smám saman valdi á hugsunum mínum: Það var eins og gamla konan væri ekki aðeins að fylgja mér, heldur vísaði mér áfram, ýtti mér ýmist til hægri eða vinstri, og ég hlýddi henni ósjálfrátt.

Ég hélt þó áfram ferð minni ... En framundan dökknaði eitt-hvað og breikkaði á veginum, einhvers konar gryfja ... „Gröf! laust niður í huga mér. Það er þangað sem hún vill ýta mér!“

Ég sný mér snöggt við ... Enn er gamla konan þarna ... en nú

sér hún! Hún horfir á mig stórum, illum, ógnvekjandi augum ... augum ránfugls ... Ég færi mig nær henni, nær augum hennar ... Aftur þessi gráa slikja, þessi sami dauði og tómlegi svipur ...

„Ah! hugsa ég ... þessi gamla kona er örlög mín. Þessi örlög, sem manneskjan fær ekki flúið!“

„Fær ekki flúið. Fær ekki flúið! Hvers konar brjálæði er þetta? Ég verð að reyna.“ Og skyndilega tek ég stefnuna í aðra átt.

Ég geng rösklega ... En þrusk í léttum skrefum heyrir sem fyrr að baki mér, svo nærri, svo nærri ... Og framundan myrkvast gryfjan enn.

Ég beygi aftur og fer aðra leið ... Og enn heyrir þruskið að baki mér og aftur er þessi ógurlega gryfja framundan.

Hvert sem ég æði, eins og héri á flóttu ... alltaf það sama, aftur og aftur!

„Stoppaðu! – hugsa ég. Ég gabba hana! Ég bara fer ekki nokkurn skapaðan hlut!“ og ég sest samstundis á jörðina.

Gamla konan stendur fyrir aftan mig, hún er tveimur skrefum frá mér. Ég heyrir ekki í henni, en ég finn að hún er þarna.

Allt í einu sé ég að flekkurinn, sem áður sortnaði í fjarska, færirist nú og skriður í átt að mér.

Guð minn góður! Ég lít við ... Gamla konan horfir beint á mig – og tannlaus munnurinn geiflast í glotti ...

- Þú getur ekki flúið!

Rebekka Þráinsdóttir þýddi úr rússnesku

„Skordýrið“ og „Gamla konan“ eru úr verkinu *Senilia. Ljód í lausu máli* (*Senilia. Стухомборения в прозе*, 1882). Áður hafa birst á prenti að minnsta kosti þrjár þýðingar á „Gömlu konunni“ („Срапыха“). Brynjólfur Kúld sneri verkinu fyrir dagblaðið *Ísland* árið 1898¹ undir heitinu „Kerlingin“. Þessi þýðing var síðar birt í *Lesbók Morgunblaðsins* árið 1987.² Í *Eldingu* árið 1901 mátti lesa „Gömlu konuna“³ eftir óþekktan þýðanda. Þá var þýðing Steingríms Thorsteinssonar, „Gamla konan“, birt bæði í *Eimreiðinni*⁴ og *Lögberg*⁵ árið 1908. „Skordýrið“ („Насекомое“) hefur, að því að best er vitað, ekki áður birst í íslenskrri þýðingu.

1 *Ísland*, 12. júlí 1898, 111–112.

2 *Lesbók Morgunblaðsins*, 10. október 1987, 15.

3 *Elding* 1(50)/1901: 202.

4 *Eimreiðin* 14(1)/1908: 39–41.

5 *Lögberg* 26. mars 1908, 2.